

Laugardaginn 22. maí 1982.

Nr. 117/1982. **Róbert Trausti Árnason**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

borgarstjórn Reykjavíkur

(Jón G. Tómasson hrl.).

Kosningarréttur. Lögheimili.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thorodd-
sen og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1982. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt skylt að taka nafn áfrýjanda á kjörskrá þá í Reykjavík, sem gildir við borgarstjórnarkosningar, er fram fara í dag.

Stefndi hefur lýst yfir, að hann hreyfi engum andmælum gegn kröfu áfrýjanda.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 35/1960, sbr. lög nr. 42/1966, 1. gr., „skulu . . . íslenskir ríkisborgarar, sem eru starfsmenn alþjóðastofnana, sem Ísland er aðili að, eiga lögheimili á Íslandi, þar sem lögheimilið var, er þeir fóru af landi brott.“

Áfrýjandi er starfsmaður alþjóðastofnunar, sem fellur undir framangreint lagaákvæði. Samkvæmt því verður tilkynning hans um aðsetursskipti, sem lögð hefur verið fyrir Hæstarétt, ekki skilin svo, að hann hafi flutt lögheimili sitt til Belgíu 11. september 1981. Ber því að taka til greina kröfu hans í máli þessu.

D ó m s o r ð:

Stefndi, borgarstjórn Reykjavíkur, ber að taka nafn áfrýjanda, Róberts T. Árnasonar, á kjörskrá þá, sem gildir við borgarstjórnarkosningar í Reykjavík 22. maí 1982.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. maí 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Róbert T. Árnason,

sagður til heimilis að Drápuhlíð 47, Reykjavík, fæddur 24. apríl 1951, nnr. 7352-2382, höfðað gegn borgarstjórn Reykjavíkur til þess að fá viðurkenndan rétt sinn til að vera á kjörskrá í Reykjavík við komandi borgarstjórnarkosningar 22. maí nk.

Stenandi lýsir málavöxtum svo í stefnu:

„Málavextir eru þeir, að við samningu kjörskrár fyrir Reykjavík hefur nafn stefnanda fallið niður, þar sem hann er í þjóðskrá talinn búsettur í Belgíu.

Stefnandi hefur frá því snemma í haust starfað í Brüssel á vegum NATO, og samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 35/1960 um lögheimili á hann skýlausan rétt á að vera hér á kjörskrá, sbr. meðfylgjandi vottorð utanríkisráðuneytisins á dskj. nr. 3. Áður en stefnandi tók til starfa í Brüssel, var hann við nám í Kanada, og mun það vera ástæða þess, að hann féll af þjóðskrá sem búsettur erlendis. Hann uppfyllir öll skilyrði laga fyrir kosningarrétti, þ. m. t. að eiga lögheimili hér á landi.

Stefnandi lagði ekki fram kæru vegna kjörskrár fyrir borgarstjórn Reykjavíkur innan kærufrests, og er ástæðan sú, að stefnandi var erlendis, er kjörskráin lá frammi fyrir kærufrest, og er mál þetta höfðað með stoð í 24. gr. laga nr. 52/1959, sbr. 1. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar.“

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og málatilbúnaði stefnanda eigi mótmælt.

Af hálfu stefnanda hefur verið lagt fram vottorð utanríkisráðuneytis, dags. 18. maí 1982, um, að stefnandi sé starfsmaður Atlantshafsbandalagsins í Brüssel. Þá hefur og af hálfu stefnanda verið lagt fram vottorð Hagstofu Íslands, dags. 20. maí 1982, um, að hann hafi átt lögheimili í Belgíu hinn 1. desember 1981, en áður að Drápuhlíð 47, Reykjavík, og enn fremur skrifleg sókn í málinu, þar sem er að finna túlkun lögmanns stefnanda á ákvæðum 10. gr. laga nr. 35/1960.

Álit dómsins.

Framangreint vottorð Hagstofu Íslands sýnir, að stefnandi hefur flutt lögheimili sitt frá Drápuhlíð 47 til Belgíu, en lögheimili hans er skráð þar í landi 1. desember 1981, og ekki hefur öðru verið haldið fram en svo sé enn. Enda þótt kveðið sé á um í 2. mgr. 10. gr. laga nr. 35/1960, að íslenskir ríkisborgarar, sem eru starfsmenn alþjóðastofnana, sem Ísland er aðili að, skuli eiga lögheimili á Íslandi, en skoða verður Atlantshafsbandalagið sem alþjóðastofnun í skilningi þessa lagaákvæðis, þá hefur stefnandi

engu að síður flutt lögheimili sitt af landi brott og á það nú í Belgíu, og er niðurstaða dómsins því sú, að stefnandi fullnægi ekki kosningarréttarskilyrði því, sem kveðið er á um í d lið 1. mgr. 18. gr. laga nr. 58/1961, og enda þótt kröfu hans hafi eigi verið mótmælt af hálfu stefnda, verður hún ekki tekin til greina.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórn Reykjavíkur, skal vera sýkn af kröfu stefnanda, Róberts T. Árnasonar, í máli þessu.
